

Ed.

240. Frumvarp til laga

[128. mál]

um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 3. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sjávarútvegsmálaráðherra er heimilt, þrátt fyrir bann þessarar greinar, að leyfa vinnslu- og verkunarstöðvum að kaupa afla af erlendum veiðiskípum í íslenskum höfnum. Ráðherra skal binda leyfið við ákveðna staði eða landshluta, eftir því sem hagkvæmt þykir. Svo getur ráðherra og bundið leyfið við ákveðnar tegundir fisks eða annars sjávarafla og sett skilyrði um magn, verð og sérstakar löndunarreglur. Í leyfi ber að taka fram, að það veiti eigi erlendum skipum heimild til fiskveiða eða fiskverkunar í landhelgi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt íslenskum lögum er meginreglan sú, að erlendum fiskiskípum er óheimilt að landa afla sínum í íslenskum höfnum. Í lögum nr. 33 19. júní 1922 er atvinnumálaráðherra þó heimilað að veita leyfi til þess, að eigendur sildarverksmiðja megi nota erlend skip til þess að fiska fyrir verksmiðjur þessar til eigin nota. Hefur sú heimild sjaldan verið notuð.

Frumvarp þetta er ekki nýmæli. Á árinu 1966 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 63 13. maí 1966, um breyting á lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, og voru þau lög að mestu leyti sama efnis og frumvarp þetta, en þau voru tíma-bundin. Töldu flutningsmenn frumvarpsins til laganna mikla þörf á að veita vinnslu- og verkunarstöðvum takmarkaða heimild til að kaupa hráefni af erlendum veiðiskípum. Í greinargerð frumvarpsins sagði meðal annars:

„Meðan Íslendingar voru að byggja upp útgerð sína og fiskiflota, var eðlilegt, að þeir óttuðust samkeppni völdugra erlendra aðila, og þá sérstaklega, ef þeir höfðu aðstöðu hér á landi til jafns við Íslendinga sjálfa. Var því bæði rétt og sjálf-sögd sú stefna, sem fylgt hefur verið til þessa, að meina útlendingum löndun fisks í íslenskum höfnum. Á þessum árum voru markaðir Íslendinga fyrir íslenskar fisk-afurðir mjög óstöðugir og einatt offramleiðsla á fiski.

Nú er þetta allt gjörbreytt. Íslendingar hafa komið sér upp glæsilegum fiski-skipafloata, og sjávarútvegurinn stendur í heild traustum fótum. Munu fáar þjóðir hafa sterkari samkeppnisaðstöðu í sjávarútvegi en Íslendingar“.

Þótt leyfi, sem veitt voru samkvæmt lögum nr. 63/1966 hafi verið fá og lítið hafi verið eftir þeim leitað, getur verið æskilegt að hafa ótímabundna heimild í lögum. Getur verið hagkvæmt að leyfa slíkar landanir hér, þegar aflaleysi steðjar að. Einnig getur slík heimild auðveldað íslenskum skipum að fá leyfi til löndunar erlendis.

Sjálf-sagt er að hafa fulla gát á, að löndunum erlendra skipa hér á landi sé haldið innan hæfilegra marka, enda er gert ráð fyrir því, að löndunarheimildir verði bundnar leyfum ráðuneytisins.